

Breytingartillögur

við frv. til l. um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
Nú er gerður samningur um fjármálaþjónustu í fjarsölu og í kjölfarið veitt þjónusta á grundvelli hans með einni eða endurteknum athöfnum og gilda þá lög þessi einungis um upphaflega samninginn.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „svo sem“ í 4. tölul. komi: fyrirtækjaskrá.
3. 3. tölul. 6. gr. og 3. tölul. 2. mgr. 9. gr. orðist svo: Heildarverð sem neytanda ber að greiða til þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal með skýrum hætti gerð grein fyrir grundvelli útreiknings á verði.
4. Við 12. gr. Í stað tilvísunarinnar „10. gr.“ í a-lið komi: 11. gr.
5. 23. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005.